

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endur- 83
urveiting hlunninda handa sparisjóði á Sauðárkróki. 19. júlí

Útaf beiðni frá stjórn sparisjóðsins á Sauðárkróki, er hingað barst með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 23. f. m., vill stjórnarráðið hjer með endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. ágúst næstkomandi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir stjórn sparisjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins Arnessýslu um hlunnindi 84
handa sparisjóðnum Gullfoss í Arnessýslu. 19. júlí

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Arnessýslu, vill stjórnarráðið hjer með veita nefndum sjóði um 5 ár frá þessum degi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Ísland, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um sveitfesti þurfalings. 85
 5. oktbr.

Með brjefi, dags. 23. marz þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um það, hvar þurfalingurinn Karólína Erasmusdóttir, sem hefir orðið sveitarstyrksþurfi í Norðurárdalshreppi, skuli teljast sveitlæg. Eptir að leitað hefir verið álits sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps um mál þetta, er svofeldur úrskurður lagður á það.

Karólína Erasmusdóttir er fædd á Eiði í Seltjarnarneshreppi 28. desbr. 1833, fermd í Fíflholtum í Hraunhreppi á 15. ári. Fer hún svo hrepp úr hreppi og dvelur hvergi lengur en 6 ár í senn til ársins 1877. Þá ræðst hún að Harrastöðum í Miðdalhreppi og dvelur þar 9 ár samfleytt, en 10. árið dvelur hún að hálfu á Harrastöðum og að hálfu á Hrafnabjörgum í Hörðudalshreppi. Segir hún að húsbóndi sinn muni hafa komið sjer þangað til þess að sveitfestisdvölin í Mið-